

Jafnréttisáætlun Árvakurs hf.

Jafnréttisáætlun Árvakurs byggist á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Árvakur leggur metnað í að tryggja konum og körlum jöfn áhrif, tækifæri og virðingu og gerir þá kröfu til yfirmanna fyrirtækisins sem og annarra starfsmanna að þeir taki mið af áætluninni í störfum sínum fyrir fyrirtækið.

Markmið þessarar áætlunar er að Árvakur geti nýtt sér hæfileika og færni allra starfsmanna sinna á sem bestan hátt og að starfsfólk nýti sína hæfileika eins og best verður á kosið. Eins er tilgangur hennar að minna starfsfólk og stjórnendur á mikilvægi þess að allir fái notið sín án tillits til kynferðis.

Markmið	Aðgerð	Tímarammi
Árvakur gætir að því að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skulu ekki fela í sér kynjamismunun.	Starfsmannahald mun árlega greina laun og fríðindi starfsmanna í tölfræðilegri úttekt. Ef óútskýranlegur mismunur kemur fram mun starfsmannahald greina vandann og leiðrétta ef þörf þykir.	Fyrir apríllök ár hvert

Markmið	Aðgerð	Tímarammi
Laus störf hjá fyrirtækinu skulu standa opin bæði konum og körlum.	Starfsmannahald gerir samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum. Ef hallar á annað kynið verður reynt að leiðrétta þann halla, til dæmis með breyttum atvinnuauglýsingum, endurskoðun umsóknarferlis og fleira.	Fyrir marslok ár hvert.

Markmið	Aðgerð	Tímarammi
Tryggja að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg báðum kynjum.	Starfsmannahald mun greina sókn kvenna og karla í sambærilegum störfum í endurmenntunarnámskeið og í starfsþjálfun.	Fyrir ágústlok ár hvert.

Markmið	Aðgerð	Tímarammi
Stefna að því að vinnutími sé eins fyrir sjáanlegur og hægt er ásamt því að minna á mikilvægi þess að samhæfa fjölskyldu- og atvinnulíf.	Sjá til þess að vaktaplön séu tilbúin með miklum fyrirvara. Kynna stefnu fyrirtækisins hvað varðar samhæfingu fjölskyldu- og atvinnulífs.	Hafa greinargóðar upplýsingar um stefnuna á innri vef sem og í starfsmannahandbók.

Markmið	Aðgerð	Tímarammi
Fyrirtækið mun gera öllum kleift að nýta sér rétt sinn til foreldra- og fæðingarorlofs.	Kynna fyrir starfsfólki og verðandi foreldrum réttindi og skyldur gagnvart vinnustaðnum.	Í hverju tilviki fyrir sig.

Markmið	Aðgerð	Tímarammi
Kynferðisleg áreitni er ekki liðin á vinnustaðnum og fyrirfram ákveðin viðbrögð eru nauðsynleg.	Sjá til þess að til staðar séu vinnureglur um hvernig skuli bregðast við kynferðislegri áreitni.	Vinnureglur verði tilbúnar á innri vef fyrir lok árs 2011 og endurskoðaðar á tveggja ára fresti.

Farið verður yfir niðurstöður allra verkefnanna árlega með helstu stjórnendum og mun því verða lokið fyrir nóvemberlok á hverju ári.

Jafnréttisáætlun þessi verður endurskoðuð fyrir árslok 2013.

